



## Greinargerð.

Mjög mikil óvissa hefur lengi ríkt um réttarstöðu tannsmíða og nám þeirra almennt.

Í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, er fjallað um heilbrigðistækna, og í greinargerð með því frv., sem lagt var fyrir 91. löggjafarþing 1970, kemur fram að ráð er fyrir því gert að tannsmíðir falli undir það samheiti. Þetta var gert án vitundar eða vilja tannsmíða sjálfra, enda hefur löngum verið álitnið að tannsmíði teldist iðngrein. Má benda á í því sambandi að samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (I. L. O.) teljast tannsmíðir ekki til heilbrigðisstétta, heldur til þeirra iðnaðarmanna sem fást við finsmíðar.

Með reglugerð nr. 323/1972 gerir menntamálaráðherra tannsmíði að löggiltir iðngrein. Var það gert með stoð í iðnfræðslulögum, nr. 48/1966, og samkvæmt ósk tannsmíða og í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum, þar sem tannsmíði er viðurkennd sem iðngrein.

Hins vegar setur heilbrigðisráðherra reglugerð um tannsmíði nr. 92/1974, með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, og kemur þar fram að hann ætlar sér að veita starfsréttindi til handa tannsmíðum. Þar kemur einnig fram að óheimilt er að ráða til tannsmíðastarfa aðra en þá sem heilbrigðisráðherra hefur veitt starfsréttindi.

Óvissan um réttarstöðu tannsmíða lýsir sér svo enn í því, að með reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, itrekar menntamálaráðherra enn að tannsmíði teljist löggilt iðngrein.

Málið hefur í reynd þróast á þann hátt, að Tannlæknafélag Íslands hefur lagt allt kapp á að tannsmíðir fylli hóp tæknimenntaðra heilbrigðisstétta — þvert ofan í óskir tannsmíða sjálfra, sem vilja fá nám sitt og starfsréttindi viðurkennd sem iðngrein og að með nám þeirra skuli farið í samræmi við lög og reglugerðir um iðnfræðslu. Er það í samræmi við það sem gerist m. a. hjá flestum nágrannalöndum okkar.

Virðist því staðan enn í dag vera þannig, að óvissa ríki um hvort túlka beri að tannsmíðir falli undir lögin um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, eða að tannsmíði sé löggilt iðngrein, sbr. reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974 og iðnfræðslulög, nr. 48/1966.

Eins og fram hefur komið er það einungis í athugasemdum við frv. til laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, sem fram kemur að tannsmíðir falli undir samheitið heilbrigðistækna, og í reglugerð um tannsmíði, nr. 92/1974, gefinni út með stoð í þeim lögum. Því er frv. þetta flutt til að létta af þessu óvissuástandi um réttarstöðu tannsmíða og að tekin séu af öll tvímæli um að tannsmíði teljist iðngrein. Er það, eins og fram hefur komið, í samræmi við eindregna ósk tannsmíða sjálfra og nám og réttarstöðu tannsmíða t. a. m. annars staðar á Norðurlöndum. Samþykkt þessa frv. ætti að tryggja vilja löggjafans til að viðurkenna tannsmíði sem löggilta iðngrein — og staðfestingu á reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, en að ekki séu í gildi tvær reglugerðir, sem endurspegli þá óvissu sem ríkir um réttarstöðu tannsmíða. Hafi menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið ekki getað útkljáð þessi mál sín í milli þer löggjafanum að grípa inn í þannig að réttarstaða og nám tannsmíða sé tryggd. Enda má ætla að þegar tannsmíði var gerð að löggiltir iðngrein 1972 hafi verið ætlað að koma fastri skipan á nám tannsmíða og tryggja þeim sem besta menntun. Á vegum Iðnfræðsluráðs og í samvinnu við fræðslunefnd tannsmíða er um þessar mundir unnið að námsskrá fyrir tannsmíði, en svo sem kunnugt er hefur allan þann tíma, sem tannlæknar hafa séð um menntun tannsmíða, heldur lítið farið fyrir að fóst skipan væri á námi tannsmíða.

Hérlandis hafa aldrei verið í gildi sérlæg um tannsmíði. Menntun tannsmíða hefur lengst af verið með þeim hætti að tannlæknar taka menn í nám, og hefur námstími verið 3 ár — en skólavistin ekki lengri en um það bil einn mánuður á ári (kvöldskóli). Styðjast þessir kennsluhættir ekki við lagaákvæði og þó tannlæknar

hafi um árábil tekið nema í tannsmíði hafa þeir ekki með því áunnið sér rétt til að taka tannsmíðanema, enda felst ekki í tannlækningaleyfinu sem slíku réttur til að kenna tannsmíðanemum. Verður því að telja að hér sé á engan hátt verið að ganga á rétt tannlækna, heldur er með frv. þessu einungis verið að færa nám og réttarstöðu tannsmíða í það horf, að þeir öðlist menntun sína í samræmi við lög um iðnfræðslu, og öðlist starfsréttindi og reki starfsemi sína samkvæmt iðnfræðslulögum.

Verði ekki höggvið á hnútinn í þessum efnum er hætt við að til verði tvenns konar tannsmíðanám í landinu: annars vegar tannsmíðir, sem hljóta menntun sína í verknámsskólum samkvæmt skipulagðri námsskrá um tannsmíði, og hins vegar þeir, sem sækja ófullkomið nám til tannlækna sem að álit flestra tannsmíða ris alls ekki undir þeim kröfum sem verður að gera til tannsmíðanáms.